

2017 nr. 50 14. júní

Lög um lánsþæfismatsfyrirtæki

Tóku gildi 20. júní 2017. EES-samningurinn: IX. viðauki reglugerð 1060/2009, 513/2011, 462/2013.

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málfnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **fjármála- og efnahagsráðherra** eða **fjármála- og efnahagsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ 1. gr. *Markmið.*

□ Markmið laga þessara er að bæta gæði lánsþæfismats og draga þannig úr kerfisáhættu og stuðla að fjármálastöðugleika. Markmiðið er einnig að tryggja oflught og samræmt eftirlit með lánsþæfismatsfyrirtækjum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

■ 2. gr. *Lögfesting.*

□ Ákvæði eftirfarandi reglugerða, eins og þær voru teknar upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, skulu hafa lagagildi hér á landi með þeim aðlögunum sem leiðir af ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2012 frá 10. febrúar 2012, sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 34 frá 21. júní 2012, bls. 31, og nr. 203/2016 frá 30. september 2016, sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 13 frá 23. febrúar 2017, bls. 42–51, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest:

1. Reglugerðar Evrópupúningsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánsþæfismatsfyrirtæki, sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 32 frá 14. júní 2012, bls. 35–65.

2. Reglugerðar Evrópupúningsins og ráðsins (ESB) nr. 513/2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1060/2009 um lánsþæfismatsfyrirtæki, sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 57 frá 13. október 2016, bls. 548–574.

3. Reglugerðar Evrópupúningsins og ráðsins (ESB) nr. 462/2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1060/2009 um lánsþæfismatsfyrirtæki, sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 57 frá 13. október 2016, bls. 94–126.

■ 3. gr. *Eftirlit og viðurlög.*

□ Eftirlitsstofnum EFTA og Fjármálaeftirlitið annast eftirlit með lánsþæfismatsfyrirtækjum með staðfestu á Íslandi sem skráningarskyld eru samkvæmt lögum þessum í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, og samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómkostols. Um hlutverk og valdheimildir Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði fjármálaeftirlits er fjallað í 25. gr. a og bókun 8 við síðarnefnda samninginn.

□ Eftirlitsstofnum EFTA er heimilt að beita stjórnvaldssektum og dagsektum vegna brota á ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 eins og hún hefur verið aðlöguð í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 203/2016.

□ Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með því að farið sé að 1. mgr. 4. gr., 5. gr. a og 8. gr. b – 8. gr. d reglugerðar (EB) nr. 1060/2009. Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn ákvæðunum og stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra.

□ Sektir sem Fjármálaeftirlitið leggur á einstaklinga geta numið frá 100 þús. kr. til 65 millj. kr. Sektir sem Fjármálaeftirlitið leggur á lögaðila geta numið frá 500 þús. kr. til 800

millj. kr. en geta þó verið hærri, eða allt að 10% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykktá ársreikningi lögaðilans eða 10% af síðasta samþykktá samstæðureikningi ef lögaðili er hluti af samstæðu og brot er framið til hagsbóta fyrir annan lögaðila í samstæðunni eða annar lögaðili í samstæðunni hefur notið hagnaðar af brotinu.

□ Við ákvörðun sektu samkvæmt ákvæði þessu skal Fjármálaeftirlitið taka tillit til allra atvika sem máli skipta, þ.m.t.:

- a. alvarleika brots,
- b. hvað brotið hefur staðið lengi,
- c. ábyrgðar hins brotlega hjá lögaðilanum,
- d. fjárhagsstöðu hins brotlega,
- e. ávinnings af broti eða taps sem forðað er með broti,
- f. hvort brot hafi leitt til taps þriðja aðila,
- g. hvers konar mögulegra kerfislegra áhrifa brotsins,
- h. samstarfsvilja hins brotlega,
- i. fyri brota og hvort um ítrekað brot er að ræða.

□ Ákvörðanir um stjórnvaldssektir skulu tekna af stjórn Fjármálaeftirlitsins og eru þær aðfararhæfar. Sektir renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimntuna. Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá því að viðkomandi er tilkynnt um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

□ Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

□ Ef einstaklingur eða lögaðili brýtur gegn lögum þessum eða reglum settum á grundvelli þeirra, og fyrir liggur að hann hafi hlotið fjárhagslegan ávinnung af broti, er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ákvarda hinum brotlega sektarfjárhæð sem getur, þrátt fyrir 4. mgr., orðið allt að tvöfaldri þeirri fjárhæð sem fjárhagslegur hins brotlega nemur.

□ Hafi aðili gerst brotlegur við ákvæði laga þessara eða ákvörðanir Fjármálaeftirlitsins á grundvelli þeirra er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ljúka málina með sátt með samþykki málсаðila, enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Sátt er bindandi fyrir málсаðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins.

□ Í máli sem beinist að einstaklingi og lokið getur með álagningu stjórnvaldssektu eða kæru til löggreglu hefur maður, sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot, rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þyðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Fjármálaeftirlitið skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

□ Heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk. Sá frestur rofnar þegar Fjármálaeftirlitið tilkynnir aðila um upphaf rannsóknar á meintu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti.

□ Um eftirlit Fjármálaeftirlitsins fer nánar samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og lögum um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamaarkaði.

■ 4. gr. *Almennar rannsóknir og vettvangsskoðun.*

□ Um almennar rannsóknir og vettvangsskoðanir Eftirlitsstofnunar EFTA, sbr. 1. mgr. 23. gr. c og 23. gr. d reglugerðar (EB) nr. 1060/2009, fer samkvæmt ákvæðum laga þessara og

samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómistóls.

Til þeirra rannsóknaraðgerða sem kveðið er á um í a–clið og e-lið 1. mgr. 23. gr. c og 23. gr. d reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 þarf heimild dómara nema samþykki þess aðila sem rannsóknaraðgerðirnar beinast að liggi fyrir. Um beiðni um heimild dómara til rannsóknaraðgerða fer eftir XV. kafla laga um meðferð sakamála eftir því sem við á.

■ 5. gr. Upplysingagjöf.

Um upplýsingagjöf innlendra aðila, bæði til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og stofnana innan Evrópska efnahagssvæðisins, fer samkvæmt ákvæðum laga um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamaðra.

■ 6. gr. Málskot til EFTA-dómstólsins og aðfararhæfi.

Ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt lögum þessum eru aðfararhæfar, sem og dómar og úrskurðir EFTA-dómstólsins.

Ákvörðunum Eftirlitsstofnunar EFTA má skjóta til EFTA-dómstólsins í samræmi við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómistóls.

■ 7. gr. Lögbært stjórnvald.

Fjármálaeftirlitið er lögbært stjórnvald skv. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009.

■ 8. gr. Stjórnvaldsfyrirmæli.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð¹⁾ um nánari framkvæmd laga þessara.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja reglur um nánari útfærslu laga þessara sem byggjast á tæknilegum eftirlitstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin mótar og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir á grundvelli reglugerðar (EB) nr. 1060/2009.

¹⁾ Rg. 40/2018.

■ 9. gr. Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.